

Íbúafundur Hverfisnefndar Brekkuskóla,
12. október 2006, kl. 20-22:30 í Brekkuskóla.
Fundargerð.

Sigríður Magnúsdóttir formaður fór yfir störf og hlutverk nefndarinnar og Bergljót fór yfir starfsreglur og vinnulag nefndarinnar.

Bragi Guðmundsson fjallaði um Brekkuskólahverfið og það sem unnt er að gera í þessu hverfi í nútíð og framtíð. Í máli hans kom fram að hverfið er hjarta bæjarins, í gegnum það liggur leið mjög margra bæjarbúa, verslanir og þjónustustofnanir margar eru hér og fjölsóttar. Eins er það elsta hverfi bæjarins, það liggur að sjó, hefur brekkuna, mörg gil, gróðurfar fjölskrúðugt. Margar byggingar, stærri og minni, standa í hverfinu, auk útilistaverka. Bragi spurði að því hvort við erum læs á hverfið, hvort við kunnum að ganga um það og lesa í það, náttúruna, manngert umhverfi, menningu, örnefndi og önnur heiti hverfisins. Bragi benti á það að Brekkuskóli er eina stofnunin í hverfinu sem getur talist miðja hverfisins. Það veitir honum ákveðið hlutverk og ábyrgð, þá að stuðla að grenndarkynningu, hvetja börnin og foreldra þeirra til þess að þekkja sitt nánasta umhverfi. Hverfisnefndin getur t.d. tekið það að sér að hvetja forráðafólk í Brekkuskóla til þessa. Bragi kom einnig með þá tillögu að nefndin gengi í það mál að óska eftir því að nafni Rósinborgar verði breytt aftur í Barnaskólann, annað er ekki í samræmi við sögu hússins. Erindi Braga þótti sérlega fróðlegt og ekki síst lærdómsríkt á þann hátt að fólk gerði sér grein fyrir því hvað það veit afskaplega lítið um hverfið sem það býr í, sitt nánasta umhverfi.

Jónas Vigfússon fór yfir þau mál sem honum finnst að betur megi fara í hverfinu: Í umferðarmálum er ýmislegt ábótavant. Á yfirlitsmynd af bænum má vel sjá hvernig hverfið liggur til gegnumkeyrslu og telur Jónas nauðsynlegt að leggja Dalsbrautina til þess að veita eðlilegt umferðarflæði um bæinn. Hann telur sýkið í Miðbænum ekki ná markmiðinu, því að gera eitthvað fyrir miðbæinn, nema að það verði lagt alla leið upp í Hafnarstrætið, upp undir Skátagil. Jónas nefndi að það er nú unnið að endurbótum í Innbænum, í Aðalstrætinu. Búið er að fresta framkvæmdum við Andapollinn. Fyrir liggur að vinna að endurbótum í Búðargilinu eftir að hestúsin voru rifin þar. Athugasemdir Jónasar voru afar þarfar.

- kaffihlé -

Umræður um erindi og önnur mál:

Pétur Halldórsson segir frá því að á sjöunda áratugnum hafi verið búið að gera ráð fyrir því að byggja skólahús í fúnkísstíl á Menntaskólalóðinni, en að horfið hafi verið frá því og ákveðið að reisa Möðruvelli en leyfa gamla skólahúsinu að halda sér. Gott dæmi um það þegar fólk sér að sér í tíma!

Anna Kristveig, íbúi í Aðalstræti, sagði frá hraðri og mikilli umferð um götuna, einnig vegna safnanna, og óskaði eftir hraðahindrun í götuna. Fleiri slíkar athugasemdir komu

fram (við Skólastíg, við Hólmasól). Óskir komu fram um það að lögreglan verði duglegri við að hraðamæla. Sérstök hættu er við Brekkuskóla sunnanverðan, í Skólastíg, þar sem umferðaröngþveiti getur orðið ansi mikið á köflum og hraður akstur í stuttri götu.

Athugasemd kom fram um að snjómokstri sé stundum ábótavant á veturna, illa og seint mokað.

Ásta Birgisdóttir formaður Sundfélagsins Óðins fór yfir þær framkvæmdir sem eru fyrirhugaðar við sundlaugarsvæðið. Hún sagði frá því hvernig hugmyndir Sundfélagsins um byggingu 50 metra laugar á umræddu svæði fengu dræmar undirtektir hjá Akureyrarbæ. Ásta lýsti því hvernig erindi eigenda Vaxtaræktarinnar um byggingu stöðvar á svæðinu var hins vegar fleytt í gegnum kerfið. Sjá nánar um þetta mál grein Ástu frá 12. október sl. á akureyri.net.

Þónokkrar umræður spunnust um sundlaugarsvæðið og létu margir í sér heyra. Fram kom að Skólanefnd vildi ekki missa gamla leikfímishúsið undir vaxtaræktarstarfsemi. Ef byggt yrði hús undir Vaxtaræktina sunnan við Íþróttahöll væri hægt að beina umferð í ræktina þangað og af bílastæðinu sem liggur upp að Brekkuskóla. Fram kom að kannski væri best að bjóða Sigurði aðra lóð í bænum undir Vaxtaræktina. Bent var á að gera þurfi heildarskipulag fyrir sundlaugarsvæðið, andapollinn og tjaldstæðið og að litið verði á þetta svæði sem fjölskyldusvæði, einnig ætlað ferðafólki, en eins og vitað er þá sækja mjög margir ferðamenn á þetta svæði á sumrin.

Fram kom að bílastæðið milli Brekkuskóla og Íþróttahallarinnar sé afar hættuleg fyrir börnin í Brekkuskóla, vegna mikillar umferðar.

Oddný Snorradóttir kom með ábendingu um það að gera megi endurbætur á leiksvæðum bæjarins, leiktækin gömul og úr sér gengin. Ekki er lengur hægt að renna sér á sleðum í brekkunni við Strax / tjaldsvæðið eftir að tjaldsvæðið var afgirt. Huga þarf að leikaðstöðu fyrir börnin, sérstaklega ef á að byggja í sundlaugargarðinum. Huga þarf að þessu í heild. Einnig barst fundinum erindi frá íbúa í Vanabyggð, þar sem fram koma athugasemdir við og hugmyndir að endurbótum á leikvelli milli Vanabyggðar og Norðurbyggðar.

Fundargestir samþykktu einróma að fundurinn óskaði eftir íbúáþingi / kynningafundi af hálfu Akureyrarbæjar um fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi fyrir sundlaugarsvæðið / við Íþróttahöll. Fundarfólk taldi nauðsynlegt að bæjaryfirvöld geri fyrr en seinna grein fyrir þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru á þessu svæði.

Rúmlega þrjátíu íbúar voru mættir.

Hjörleifur Hallgríms var fundarstjóri og Kristín Kjartansdóttir fundarritari.